

REGLUGERÐ

86
30. maí

um breyting á reglugerð nr. 39 26. apríl 1937, um innheimtu á kirkjugarðsgjaldi,
sbr. reglugerð nr. 200 15. des. 1942.

1. gr.

Í 5. gr. reglugerðarinnar falli niður a-liður og b-liður, er áður var c-liður.

2. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er sóknarnefnd (kirkjugarðsstjórn) að ákveða, að kirkjugarðsgjaldi skuli jafnað niður í heilum krónum, en aurum, er út koma við útreikning þess, sleppt.

3. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eindagi kirkjugarðsgjaldsins er hinn sami og á útsvörum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og gildir um kirkjugarðsgjöld fyrir árið 1944.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 23. júní 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 30. maí 1944.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórdísar Guttormsdóttur frá Ketilsstöðum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. maí 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þórdísar Guttormsdóttur frá Ketilsstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þórdísar Guttormsdóttur frá Ketilsstöðum í Vallahreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Hallgrími Þórarinssyni, bónda á Ketilsstöðum, og Sigríði Hallgrímsdóttur s. st., til minningar um eiginkonu og móður þeirra, Þórdísi Guttormsdóttur.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500 — fimm hundruð — krónur.

87

31. maí

Sjóðurinn gefur út minningarspjöld og leggst fé það, sem kemur inn fyrir þau, við höfuðstólinn, ásamt öðru fé, er sjóðnum kann að áskotnast á annan hátt.

4. gr.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins ávaxtast í jarðræktarbréfum eða öðrum verðbréfum, er kunna að koma í þeirra stað.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna stúlkur fyrir námfýsi og góða hegðun við húsmæðraskólann á Hallormsstað eða, ef hann leggst niður, við annan austfirzkan sams konar skóla.

7. gr.

Þegar höfuðstóllinn er orðinn 1000 — eitt þúsund — krónur, koma $\frac{2}{3}$ hlutar vaxtanna til útborgunar, en $\frac{1}{3}$ leggst við höfuðstólinn. Þegar höfuðstóllinn er orðinn 20000 kr. kemur $\frac{3}{4}$ vaxtanna til útborgunar, en $\frac{1}{4}$ leggst við höfuðstólinn, og þegar höfuðstóllinn er orðinn 50000 kr. borgast $\frac{4}{5}$ hlutar vaxta út, en $\frac{1}{5}$ leggst við höfuðstólinn, og þegar höfuðstóllinn er orðinn 100000 kr. borgast út $\frac{9}{10}$, en $\frac{1}{10}$ leggst við höfuðstól, og skal það síðan haldast. Vöxtunum skal úthlutað á fæðingardegi Þórdísar Guttormsdóttur ár hvert, 18. marz.

8. gr.

Sjóðnum stjórnar forstöðukona húsmæðraskólans á Hallormsstað, en verðlaunum skal úthlutað eftir samþykkt kennarafundar.

Ef húsmæðraskólinn á Hallormsstað leggst niður og enginn annar skóli er starfandi fyrir konur í Austfirðingafjórðungi, stýrir stjórn Búnaðarsambands Austurlands eða sú stofnun, sem kemur í þess stað, sjóðnum, samkvæmt þessari skipulagsskrá og ráðstafar vöxtum sjóðsins.

Ársreikningur sjóðsins skal birtur í ársskýrslu skólans og B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

88

7. júní

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldórs Briem bókavarðar og frú Susie Briem konu hans“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldórs Briem bókavarðar og frú Susie Briem konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldórs Briem bókavarðar og frú Susie Briem konu hans og er hann stofnaður til minningar um þau hjón (Halldór Eggertsson sýslumanns Briem, f. 5. sept. 1852, stúd. 1871, cand. theol. 24. ágúst 1875, prestvígður í Vesturheimi 31. ágúst 1880, kennari Möðruvallaskólans 28. júlí 1882, bókavörður í Landsbókasafni 26. sept. 1908, samdi ýmsar kennslubækur, dáinn